



Afmæli Knattspyrnufélags Reykjavíkur, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Knattspyrnufélag – Íþróttir – Afmæli – Saga K.R.

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður Bjarna Benediktssonar
Askja 4-1, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annali K.R.

Ég hygg það síst ofmælt, að fyrir þriðjungri aldar eða um það bil, sem ég var að komast á legg hafi það þótt verulegur ljóður á ráði austurbæings - a.m.k. 'a- vissu aldursskeiði, ef hann sagði gott orð um K.R., hvað þá ef hann, ef hann legði leið sína lengst vestur í bæ að halda lofræðu um það. Mér er ókunnugt, hvort almenningsálitið meðal upprennandi æskumanna í Austurbænum er nú breytt að þessu leyti. Hitt veit ég, að mér yrði illvært meðal bræðra konu minnar og flests tengdafólks, ef ég létí óvinsamleg orð falla um K.R. Mér er það ~~er~~ minnstætt, að fyrir nokkrum árum spurði bóndi austur í Holtum, hvar ég ætti heima. ^{En} þegar honum var sagt, að ég byggi í Austurbænum varð hann alveg hissa og sagði, að þegar hann hlustaði á mig í útvarp finndist sér alltaf, að ég talaði á þann veg, að ég hlyti að búa í Vesturbænum.

E.t.v. er það eitthvað skilyrt þessu, at mér hefur etíð verið hlytt til K.R. - jafnvel á þeim tíma fyrir h. u. b. þriðjungri aldar þegar ég var að komast á legg, og helst mátti ekki hlyst gott orð um þann félagskap meðal samaldra minna og nágranna í Austurbænum.

~~Ég lét þessar skýringar nægja á því af hverju ég er kominn hingað vestast í Vesturbæinn til þess að minnst K.R. á þessum merku tímamótum í langri sögu þess.~~

Saga K.R. er vissulega orðin löng og svo samtvinnuð bæjarlífinu fyrir vestan læk og raunar í allri Reykjavík að okkur furðar á, að félagið skuli þó ekki vera ^{en} eldra en þetta. Það er sem sé ekki aðeins okkar ágæti vinur Erlendur Ó. Pétursson, sem við alls ekki getum hugsað okkur K.R.-lausan, heldur eigum við erfitt með að hugsa okkur bæjafélagið í heild, sjálfa Reykjavík, K.R.-lausa.

En hvernig stendur þá á því, að K.R. skuli ekki vera eldra en raun ber vitni um, ekki einu sinni eins gamalt og E. Ó. P., hvað þá Reykjavíkurbæ? Er það vegna þess, að hinar fyrri kynslóðir hér í bæ hafi alls ekki

sinn íþróttum? Fljótt á litið mundu sumir segja, að svo væri. En þess skulum við minnast, að karlarnir, sem réru vestur á Svið til fiskifangs, fóru gangandi yfir fjöll og firnindi til að stunda kaupavinnu á sumrin og lentu í ótal mannaunum á sjó og landi, voru sízt miður búnir að harðfengi, karlmennsku, þrótti og áreði en nútíma kynslóðin. Það er einmitt vegna þess, að lífsbaráttan er nú orðin léttari, af því að ekki reynir eins á líkamsprekið í daglegri vinnu, að íþróttalökun er nú orðin einn mikilvægasti þáttur í uppeldi æskulýðsins.

Íþróttirnar eru nauðsyn vegna þess, að þær fá æskulýðnum holl viðfangsefni, halda honum frá sollinum og hjálpa til að efla og þroska manndóminn. Auðvitað eykur það gildi íþróttanna að samfara þessu eru þær leikur. En þar má leikurinn aldrei verða allsráðandi. Þeir, sem skara fram úr í íþróttum verða fyrirmynd annarra æskumanna. Sú fyrirmynd verður að vera til þýðis. Þar verður að fylgja hinu forna boðorði um heilbrigða sál í heilbrigðum líkama. Frá þeirri kröfu má aldrei hvika. Ef það er gert bregðast íþróttamennirnir helgasta hlutverki sínu.

Það er vegna þess að K.R. hefur átt ríkan þátt í að bæta bæjarbraginn í Reykjavík að gera æskumennina að hraustari, heilbrigðari og þjóðnýtari mönnum en þeirv alla væru, sem við erum hér saman komin í dag til að hylla það. Og mér er það óblandin ánægja að taka

hraustum?

þátt í þeirri hyllingu og flytja félaginu einlæggar
þakkið okkur frá hjólfum míni heldu og
þakkir og árnaðaróskir frá ríkisstjórn Íslands.